

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1141	Stað	Hjalti Bogason Stöðvarstjóri			
Samherji fiskeldi ehf. Stað Grindavík	240 Grindavík	Bylgja Hálfánardóttir Stöðvarstjóri Stóu Vatnsleysu			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	28.10.2024	29.11.2024	8	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 11 skoðunatriða af 17. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 7 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 6 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.1 Gæðahandbók sjókvældisstöðva	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Nancy Rut Helgadóttir og Jónína Guðmundsdóttir eftirlitsmenn Matvælastofnunar fór í reglubundið eftirlit fiskeldisstöð Samherja á Stað í Grindavík þann 28. október 2024. Gengið var um fiskeldisstöð og eldisker yfirfarin ásamt því að varnir gegn stroki voru skoðaðar. Farið var yfir gæðakerfi og skráninga fiskeldisstöðvarinnar á skrifstofu fiskeldisstöðvarinnar.

Kallað var eftir frekari upplýsingum frá eftirlitsþega í tölvupósti m.a. er varða gæðahandbók, þjálfun starfsfólks, framleiðslutölur o.fl. og voru þau gögn yfirfarin á skrifstofu Matvælastofnunar.

Að mati Matvælastofnunar er gengið vel frá ristum í gólfi seiðahúss með tilliti til stroks.

Þegar gengið var um fiskeldisstöðina urðu eftirlitsmenn varir við velferðarfrávik sem fólst í því að í stöðinni sást dauður fiskur í kerjum ásamt töluverðum fjölda sveimurum, sárum og veikum fiski. Þessu fráviki er vísað til sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma til rannsóknar.

Matvælastofnun kallar eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávika í eftirlitsskýrslu þessari og Matvælastofnun mun hafa eftirfylgni með frávikum.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Samherji fiskeldi ehf. Stað Grindavík
Stað
240 Grindavík
Staða: Í gildi
Kennitala: 6104061060

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1 2
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2

Tengiliðir

Hjalti Bogason	660-9121	hjalti@samherji.is	Rekstrarstjóri
Heiðdís Smáradóttir	6609010	heiddis@samherji.is	Gæðastjóri
Bylgja Hálfánardóttir		bylgja@samherji.is	Aðstoðarkona rekstrarstjóra

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 14.09.2023

Í lagi

Frávik sem skráð var í eftirliti þann 13. september 2023 hefur verið lagfært.

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 14.09.2023

Í lagi

Frávik sem skráð var í eftirliti þann 13. september 2023 hefur verið lagfært.

Matvælastofnun bendir á að gott getur verið að halda verklegar æfingar á viðbrögðum við stroki og notkun á búnaði með starfsfólki.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 18.11.2024

Frávik

Í viðbragðsáætlun um strok þarf að tilgreina sem fyrsta viðbragða að koma í veg fyrir frekara strok, þá vantar lýsingu viðbragði ef strok getur leitt til þess að fiskur komist í vatn eða sjó.

Matvælastofnun bendir á að uppfæra þurfi netfang stofnunarinnar í fiskeldi@mast.is

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 14.09.2023

Alvarlegt frávik

Í eftirliti þann 28. október kom í ljós að frávikum sem skráð var í síðasta eftirliti sem fram fór þann 13. september 2023 hvað varðar skort á skipuriti fyrir alla starfsmenn fiskeldisstöðvarinnar og að ábyrgðarsvið og starfslýsingar allra starfsmanna skuli vera skýrar hefur ekki verið lagfært.

Matvælastofnun bendir á að rekstrarleyfishafa ber skv. verklagi Matvælastofnunar sem og viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 að hafa skipurit fyrir fyrir alla starfsmenn fiskeldisstöðvarinnar og að starfslýsingar allra starfsmanna skuli vera skýrar.

Í ljósi þess að um er að ræða ítrekað frávik skráist frávikinu nú sem alvarlegt frávik.

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 14.09.2023

Frávik

Ekki er til staðar verklag/skrá/yfirlit þar sem tilgreint er hvaða verkþætti starfsmaður þarf að tileinka sér, þ.e. hvaða þætti þarf starfsmaður að læra við upphaf starfs, innan hvaða tímamarka því þarf að vera lokið, hvaða þekkingu þarf að viðhalda og tíðni.

Í þjálfunarskrá starfsmanna er ekki að finna staðfestingu á þátttöku hans á árlegum fundi um innihald gæðahandbókar þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið.

Ekki er að sjá að starfsfólk fái fullnægjandi þjálfun í að tryggja velferð eldisdýra eins og áskilnaður er gerður á um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020

Frávik sem skráð var í eftirliti þann 13. september 2023 hvað varðar nýliðaþjálfun hefur verið lagfært.

5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 18.11.2024

Í kjölfar eftirlits óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá send gögn um verklag við flokkun seiða í stöð. Það verklag sem sent var er ófullnægjandi og uppfyllir ekki þau atriði sem fram skulu koma í verklagsreglum.

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 18.11.2024

Matvælastofnun bendir á að ef um massadauða vegna sjúkdóma ber að tilkynna um slíkt til dýralæknis eftirlitspega og jafnframt til sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma.

Hvað varðar verklagsreglu um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun bendir Matvælastofnun á að ekki þurfi einungis að tilkynna um slíkt til Umhverfisstofnunar heldur einnig til Matvælastofnunar.

5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 18.11.2024

Innra eftirlit – ekki er til staðar verklag sem tryggir skilvirkt innra eftirlit með starfsemi fiskeldisstöðvar. Fram skal koma: Markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk, aðgerðir til úrbóta, hvað skal skrá

- Starfrækja skal gæðakerfi sem hluta af innra eftirliti þar sem koma fram verklagsreglur stöðvar þar sem m.a. er fjallað um þjálfun starfsmanna, viðhalds- og viðbragðsáætlanir, sbr. viðauka III.
- Koma á virku eftirliti þar sem fram kemur hvað á að vakta, hver á að annast vöktun, hvenær og hvernig vöktun fer fram.
- Skilgreina skal viðmiðanir fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð
- Skilgreina skal hver er ábyrgur fyrir framkvæmd úrbóta og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til að leiðrétta frávik.
- Skrá skal allt eftirlit, úrbætur og viðhald sem tengist innra eftirliti eldisstöðvar og geyma í minnst fimm ár. Allar skráningar skulu dagsettar og undirritaðar.
- Rekstrarleyfishafi skal sannreyna að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið og gera nauðsynlegar úrbætur.

Í kjölfar eftirlits óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá send gögn um verklag um innra eftirlit. Það verklag sem sent var er ófullnægjandi og uppfyllir ekki framangreinda þætti reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 18.11.2024

Í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að sannprófunarhópur skuli vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa hverju sinni. Samkvæmt upplýsingum sem eftirlitsmenn fengu í eftirlit varðandi sannprófunarhóp telur Matvælastofnun sannprófunarhóp ekki vera óháðan.

Úrbótaráætlun sem gerð var í kjölfar sannprófunar 23. september 2024 var ekki tímasett.

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Nancy Rut Helgadóttir
nancy.helgadottir@mast.is
Sérfræðingur
8486043

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikidi það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftirfylgniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúræða tekur við (VRF-022). Stjórnslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis